

## Tillaga til þingsályktunar

um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um staðfestingu ákvörðunar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 um breytingu á IV. viðauka  
(Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn).

Flm.: Inga Sæland.

Alþingi ályktar að heimild ríkisstjórnarinnar til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn) verði borin undir almenning í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010. Þar til sú atkvæðagreiðsla hefur farið fram skal fresta staðfestingu á ákvörðuninni.

Eftirfarandi spurning verði borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni:

„Vilt þú að Alþingi heimili ríkisstjórn Íslands að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017, frá 5. maí 2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn) og aflétta stjórnskipulegum fyrirvara?

Já.

Nei.“

Einnig verði á kjörseðlinum eftirfarandi skýringartexti:

„Með þriðja orkupakkanum er átt við eftirfarandi gerðir:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 frá 13. júlí 2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1775/2005.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 frá 14. júní 2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009.
5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB.
6. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB.
7. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/685/ESB frá 10. nóvember 2010 um breytingu á 3. kafla I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas.
8. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/490/ESB frá 24. ágúst 2012 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas.“

### Greinargerð.

Fyrirhuguð innleiðing þriðja orkupakkans hefur valdið miklum deilum í samfélaginu. Með umræddri þingsályktunartillögu er verið að leggja til að reglur Evrópusambandsins um orkumál séu teknar upp í EES-samninginn. Innleiðing EES-gerða í EES-samninginn fer fram með þingsályktun um afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara. Þar sem um þingsályktun er að ræða hefur forseti Íslands ekki synjunarvald eins og gildir um lagafrumvörp. Því hefur almenn-ingur ekki færi á að hvetja forseta með undirskriftasöfnun eða öðrum hætti til að synja málinu staðfestingar og leggja það þar með í þjóðaratkvæði. Flutningsmaður telur því nauðsynlegt að málið fari í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu eftir nánari reglum laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Samkvæmt 4. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna skal þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi.